

37. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 29.9.2025

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður (á Teams)

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Örvar Jóhannsson varamaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og tillaga að tímagjaldi HEF

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og tillaga að tímagjaldi. Jafnframt lögð fram afkomuspá fyrir árið 2025.

Reksturinn á árinu 2025 er í takt við áætlanir ársins. Eftirlitstekjur hafa þó aukist nokkuð og er reiknað með áframhaldandi vexti í nýskráningum á árinu 2026. Rekstrarkostnaður hefur hækkað til samræmis við aukin eftirlitsverkefni og er launakostnaður umfram áætlun. Stytting vinnuvikunnar og aukin kostnaður við veikindaleyfi hefur jafnframt haft þar áhrif. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði svipuð og undanfarin ár, eða um 32% af heildarútgjöldum eftirlitsins. Aukin verkefni vegna skipulagsmála, umhverfisvöktunar s.s. loftgæðamælinga o.fl. þættir hafa aukist jafnt og þétt og skýrir það hækkun á framlögum sveitarfélaganna til rekstursins. Enga síður eru framlögin hlutfallslega ein þau lægstu ef litið er til heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.

Heilbrigðisnefnd staðfestir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og samþykkir tillögu um tímagjald fyrir árið 2026.

2. Dagskrárliður: Tillaga um leyfisgjald fyrir hundahald á árinu 2026

Lögð fram tillaga að hækkun hundaleyfisgjalda um kr.500, þ.e. að hundaleyfisgjöld verði kr. 18.500 á árinu 2026 og þeim hundaeigendum sem lokið hafa hundapjálfunarnámskeiði fái 50% afslátt með sama hætti og undanfarin ár.

Raunkostnaður við hundahald hefur lækkað á undanförunum árum, ef frá er talið kostnaður við ábyrgðartryggingar hunda. Allir skráðir hundar á svæði HEF eru ábyrgðartryggðir. Samningur er við Dýrabjónustu Reykjavíkur um vistun og móttöku hunda frá svæði HEF utan hefðbundins vinnutíma.

Heilbrigðisnefnd samþykkir tillögu um fjárhæð hundaleyfis fyrir árið 2026.

3. Dagskrárliður: Kársnes þróunarsvæði

Auglýst er breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi. Svæðið er skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði í gildandi aðalskipulagi, þar sem gert er ráð fyrir þétttri og blandaðri byggð við Borgarlínu.

Heilbrigðiseftirlitið hefur komið að ábendingum á fyrri stigum verkefnisins, þ.e. við lýsingu skipulags, vinnslutillögu og nú við auglýsingu á breytingu aðalskipulags. Í skipulaginu hefur nú verið bætt við kafla um blágrænar ofanvatnslausnir og beinir heilbrigðiseftirlitið því til skipulags að til staðar séu öruggir farvegir sem beina ofanvatni á staði sem geta tekið við miklu vatni og þaðan út í sjó. Þá er vakin athygli á að mengaður jarðvegur gæti leynst á skipulagssvæðinu sem þarf að kortleggja og sjá til þess að hann verði fjarlægður á viðunandi hátt. Heilbrigðiseftirlitið hvetur til að ítarlegar kröfur séu gerðar til atvinnuhúsnæðis í blandaðri byggð atvinnustarfsemi og íbúða til að fyrirbyggja ónæði s.s. vegna lyktar eða hljóðmengunar. Þá er vakin athygli á að gera þarf áhrifamat framkvæmda á svæðinu á vatnshlotið í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

Gnýr Guðmundsson vikur af fundi við afgreiðslu næsta dagskrárlið.

4. Dagskrárliður: Ísallínur 3&4 - kynning umhverfismatsskýrslu

Landsnet undirbýr breytingar á Ísallínum sem liggja á milli tengivirkis við Hamranes í Hafnarfirði og tengivirkis við álverið í Straumsvík (ISAL). Í umhverfismatinu er lagt mat á byggingu nýrra Ísallína 3 & 4 sem eiga að leysa núverandi línur af hólmi, Ísallínur 1 & 2. Til þess að Ísallínur 3 & 4 komist fyrir þarf að leggja Suðurnesjalínu 1 í jörðu á stuttum kafla frá tengivirkinu í Hamranesi. Sú framkvæmd er þó ekki hluti af þessu umhverfismati. Matsáætlun verkefnisins var þannig upphaflega fyrir Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3 ásamt niðurrifi Hamraneslína 1 & 2.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér Umhverfismatsskýrsluna og vekur athygli á að þó svo Landsnet hafi látið vinna áhættumat á framkvæmd við byggingu raflína vegna vatnsverndar, þá er nauðsynlegt þegar aðilar hyggjast fara í framkvæmdir, nýja starfsemi eða breytingar á starfsemi að vinna mat á áhrifum umsvifanna á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunnar um „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.“ Að mati heilbrigðiseftirlits er að öðru leit ítarlega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Lítil sem engin munur er á niðurstöðu umhverfismats milli valkosta. Þá eru gerð grein fyrir þeim leyfismálum sem huga þarf að við framkvæmdina.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Krýsuvík rannsóknarborholur, nýtt deiliskipulag og breytt aðalskipulag

Um er að ræða kynningu tillagna á vinnslustigi fyrir breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar og nýju deiliskipulag vegna rannsóknarborholna í Krýsuvík. Fyrirhuguð rannsóknarborhola er staðsett vestur undir Sveifluhálsi við suðurenda Kleifarvatns. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði en tillagan gerir ráð fyrir um 5 ha svæði þar sem staðsettir verði borteigur og aðkomuvegur. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér gerð 10.000 m² borteigs þar sem boraðar verði allt að þrjár rannsóknarholur, vatnstaka og lagningu tímabundinna frárennslislagna, förgun affallsvatns, lagningu aðkomuvegar og frágang að rannsóknarborunum lokinni.

Heilbrigðiseftirlitið leggur mikla áherslu á að tekið verði til bestu mengunarvarna sem völ er á til þess að tryggja að frekari mengunar verði ekki vart í umhverfi borframkvæmda á svæðinu og að tryggt verði að skolvatn og svarf hafi ekki áhrif á ástand vatnshlota þannig að þau hnigni eða umhverfismarkmiðum þeirra verði ekki náð. Samkvæmt upplýsingum úr vatnavefsíðu eru umhverfismarkmið Kleifarvatns (104-2279-L) vistfræðilega mjög gott en efnafræðilegt ástand óþekkt. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á því að Krýsuvík er friðlýst sem fólkvangur og á svæðinu eru fjölmargir áningarstaðir ferðamanna auk þess sem starfsemi er í næsta nágrenni og mikilvægt að tekið sé tillit til þeirrar starfsemi við

framkvæmdir á svæðinu. Gildir það t.d. um þegar holan er látin blása, að því sé stýrt þannig að hávaði hafi ekki áhrif á þá starfsemi sem er á svæðinu. Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum skipulags á svæðinu.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

6. Dagskrárliður: Tillaga að nýju deiliskipulagi Hellnahraun 4. áfangi

Um er að ræða nýtt athafnasvæði í Kapelluhrauni. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af fyrirhuguðum ofanbyggðavegi í suðri, iðnaðarsvæði Hellnahrauns 3 í austri, akstursípróttta- og skotæfingarsvæði í norðri og fyrirhugaðri tengibraut í vestri. Á svæðinu er að mestu leiti gert ráð fyrir léttum iðnaði sem ekki hefur í för með sér mengun og annarri þjónustustarfsemi samkvæmt skilgreiningu skipulagsreglugerðar. Flestar lóðanna eru athafnalóðir í flokki B1, reiknað er með þeim möguleika að ein til tvær lóðir syðst á svæði geti orðið í flokki B2. Deiliskipulagið mun byggja á aðalskipulagi, og er í fullu samræmi við stefnumótun þess. Í ferli er breyting á aðalskipulagi sem opnar á þann möguleika að 1-2 lóðanna syðst á svæðinu geti orðið að iðnaðarsvæði í flokki B2.

Heilbrigðiseftirlitið ítrekar fyrri ábendingar sínar um nánari skilgreiningu á þeim almennu ákvæðum þar sem kveðið er á um að gera skuli ráð fyrir lítilli mengun. Þá kemur fram að óheimilt sé að eiga lögheimili og/eða hafa búsetu á athafnasvæðum í Hellnahrauni. Þá er vakin athygli á að starfsemin á svæðinu hafi ekki áhrif á vatnshlotið Straumsvíkurstraum, en nú þegar er skráð staðbundið álag á vatnshlotið vegna starfsemi á svæðinu. Vakinn er athygli á að svæðið er í næsta nágrenni við skotæfinga- og akstursípróttasvæði og gera þurfi sérstakar kröfur um hljóðvarnir á þeim lóðum sem standa næst skotæfinga- og akstursípróttasvæðinu.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

7. Dagskrárliður: Keppnisvöllur við Kórinn í Kópavogi

Í tillögunni felst nýr keppnisvöllur lagður gervigrasi norðan Kórsins í samræmi við kröfur KSÍ til knattleikja í efstu deild m.a. m.t.t. lágmarksfjölda áhorfenda í sætum með yfirbyggðu þaki auk aðstöðu fyrir fjölmiðla og flóðlýsingu. Umhverfis keppnisvöllinn er gert ráð fyrir öryggissvæði samkvæmt stöðlum KSÍ. Heimilt er að girða af svæði við stúku. Byggingarreitur framhaldsskóla á austurhluta lóðarinnar breytist. Í stúkubyggingunni er gert ráð fyrir starfsemi tengdri íþróttasvæðinu s.s. veislusal, hóparými, félagsrými o.fl. Núverandi byggingarmagn á lóðinni er 22.543 m² en í gildandi deiliskipulagi er heimilt byggingarmagn 41.500 m².

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að vandað sé til verka við val á fljóðljósum og skýrar reglur séu um notkun þeirra sem taka tillit til íbúa í næsta nágrenni.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

8. Dagskrárliður: Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 Hraun vestur

Fyrirhuguð Aðalskipulagsbreytingin er samfinn Þróunaráætluninni fyrir Hraun vestur sem hefur verið samþykkt í bæjarstjórn 05.06.24. Í þróunaráætluninni eru sett fram leiðarljós og stýrilínur fyrir framtíðaruppbyggingu svæðisins alls og er hún mikilvægt verkfæri inn í frekari skipulagsvinnu þó hún sé ekki bindandi skipulagsáætlun. Uppbygging á svæðinu mun gerast í áföngum og taka tíma. Skipulagsrammi þróunaráætlunarinnar er því sveigjanlegur og tekur mið af aðstæðum á hverjum reit/svæði fyrir sig. Framtíðarsýnin er í meginatriðum að svæðið fái að þróast og byggjast upp á grunni núverandi byggðar, forsendum þróunaráætlunarinnar og að frumkvæði einstakra lóðarhafa.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi en kemur að ábendingum um að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnaðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Þá er vakinn athygli á að lítil umfjöllun er um hljóðvist í skipulaginu og huga þurfi að hljóðvörnum frá umferð, s.s. með hljóðmönum eða veggjum eða frágangur húsa verði með

hljóðeinangrandi rúðum og hljóðdeyfðum loftrásum. Þá er vakin athygli á að tryggja þarf þverun yfir Reykjavíkurveg t.d. með undurgöngum fyrir börn sem sækja þurfa skóla vestan Reykjavíkurvegar. Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

9. Dagskrárliður: Áform um breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits

Þann 2. september 2025 kynntu ráðherrar Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis og Atvinnuvegaráðuneytis breytingum á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits í kjölfar birtingar skýrslu stýrihóps um opinbert eftirlit. Samkvæmt fyrirhuguðum breytingum verður ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum færð frá heilbrigðiseftirliti til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færist frá heilbrigðiseftirliti til Matvælastofnunar.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness lýsir sig alfarið á móti þeim áformum sem eru um breytingar á ýmsum lögum varðandi hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli.

Meðfylgjandi er umsögn heilbrigðisnefndar sem send var inn í samráðsgátt um áformin.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um mál nr. S-160/2025. Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness lýsir sig alfarið á móti þeim áformum sem eru um breytingar á ýmsum lögum varðandi hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli.

Í stað þess að ráðast í að bæta samræmingu og yfirstjórn málaflokksins, eru áform um að gjörbylta kerfinu og ríkisvæða allt eftirlit, í algjörrí óvissu um niðurstöðuna. Engin tilraun er gerð til að skilgreina önnur þau verkefni sem liggja á herðum heilbrigðiseftirlits og einu fyrirætlanirnar sem eru að finna í áformunum snúa að því að fundinn sé staður innan stjórnsýslunnar í samráði við sveitarfélög.

Með áformunum sem hér eru til umsagnar er málaflokkunum steipt undir ríkisstofnanir án tillits til afleiðinganna sem það hefur í för með sér. Að mati nefndarinnar ætti frekar að leggja áherslu á og stuðla að uppbyggingu öflugra og sjálfbærra sveitarfélaga og efla þannig samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviðum loftslags- og umhverfismála. Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfisins, á sviði fráveitumála, mengunarvarna, vatnsverndar, náttúruverndar og verndunar líffræðilegs fjölbreytileika.

Heilbrigðisnefndin bendir á að í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum er mælt með að Sviðsmynd 3 sé valin og felur hún í sér þær breytingar sem hér eru áformaðar. Rökin fyrir vali á þeirri sviðsmynd eru þau að hún sé einfaldari í útfærslu. Heilbrigðisnefndin er þessu ósammála og telur að Sviðsmynd 4 feli í sér bestu og hagkvæmustu heildarlausnina. Hún tryggir skýrara skipulag og samræmda framkvæmd eftirlits um land allt ásamt því að halda nægilegum og stöðugum tengslum við hagsmuni íbúa og atvinnulífs á landinu öllu. Með innleiðingu breytinga sem kynntar eru í Sviðsmynd 4 er hægt að tryggja skýrari verkaskiptingu og ábyrgðar skipulag sem dregur úr misræmi í framkvæmd og styrkir faglegt traust á eftirlitinu. Einnig mun Sviðsmynd 4 stuðla að aukinni fagmennsku og sérhæfingu sem skilar sér í aukinni skilvirkni og hagræðingu til hagsbóta fyrir atvinnulíf og aðra eftirlitsþega.

Með styrkingu heilbrigðiseftirlita mun einnig burður til nýsköpunar og þróunar aukast og eflir þannig getu heilbrigðiseftirlita að tileinka sér nýjungar, innleiða tæknilausnir og þróa verkferla. Með því eykst

sveigjanleiki og hæfni til að mæta breyttum kröfum framtíðarinnar, meðal annars á sviði umhverfismála, matvælaöryggis og lýðheilsu. Samræming eftirlits, sem þó mun haldast á forræði sveitarfélaga, eykur traust bæði almennings og atvinnulífs, fyrirtæki njóta meiri fjársjáanleika í starfsemi sinni, og neytendur geta treyst því að öryggi og gæði séu tryggð óháð búsetu.

Sá mannauður og staðbundna þekking sem er að finna innan núverandi kerfis er ekki metinn að verðleikum að mati heilbrigðisnefndar í þessum áformum um lagabreytingar. Nauðsynlegt er að stjórnvöld efli samráð sín á milli í þessum málaflokki þannig að það mikilvæga hlutverk sveitarfélaganna sem borið hafa þungan af heilbrigðiseftirliti undanfarna áratugi verði áfram í lykilhlutverki við að tryggja landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi.

Mikilvægt er að mati heilbrigðisnefndar að tryggja áframhaldandi þjónustu heilbrigðiseftirlita um land allt í nærumhverfi í þágu sveitarfélaga. Dæmi um þá þjónustu er ýmis konar umhverfismælingar svo sem vöktun yfirborðsvatns og sjávar, rekstur á loftgæðastöðvum, vöktun vatnsverndarsvæða og útgáfa starfsleyfa á þeim svæðum. Þá fylgjast heilbrigðisnefndir landsins með framkvæmdum í sveitarfélaginu, að þær séu í samræmi við umhverfismarkmið sveitarfélaga og hafa eftirlit með fráveitum og leiksvæðum sveitarfélaganna. Heilbrigðiseftirlit senda út viðvaranir þegar loftgæði vegna eldgosa eru í gangi ef viðmiðunarmörk fara yfir heilsufarsmörk og eru í góðu sambandi við stofnanir sveitarfélaganna. Þá sjá heilbrigðiseftirlit um vatnsýni og efnagreiningu neysluvatns fyrir sveitarfélögin og vakta vatnsveiturnar. Þá er ótalið mikilvægi þess að íbúar sveitarfélaganna hafi gott aðgengi að heilbrigðiseftirlitum og að bregðast skjótt við fyrirspurnum, kvörtunum og óskum um leiðbeiningar varðandi hin ýmsu málaflokk sem varða meðal annars hávaða, lykt og ljósmengun.

Í tillögunni sem sett er fram er fullyrt að markmið breytinganna sé að auka samræmi, einföldun og skilvirkni. Einnig kemur fram að skortur sé á samræmi, skýrri ábyrgð og yfirstjórn eftirlits. Heilbrigðiseftirlitin hafa itrekað kallað eftir samræmingu, verklagsreglum og leiðbeiningum sem Umhverfis- og orkustofnun og Matvælastofnun ber að útfæra samkvæmt lögum og reglugerðum. Þá hefur verið bent á þá einföldu staðreynd að yfirstjórn málaflokksins liggur hjá ráðuneytinum sem ber að leggja fram reglugerðir, leiðbeiningar, útvega eftirlitskerfi o.fl. þætti samkvæmt lögum ESB um opinbert eftirlit.

Heilbrigðisnefnd hvetur stjórnvöld til að tryggja fjármagn til að þróa eftirlits- og upplýsingakerfi sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru til slíks kerfis, tryggja að öll stjórnsýsla verði stafræn og einföld, samræma eftirlit með hliðsjón af áhættumiðuðu eftirliti, einfalda beitingu þvingunarúrreka og tryggja þannig staðbundnum stjórnvöldum skýrar lagaheimildir til að framfylgja lögum um snyrtilegt og heilnæmt umhverfi.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að yfirfærsla verkefna sem heilbrigðiseftirlitin hafa sinnt yfir til ríkisstofnanna hefur yfirleitt leitt til aukins tilkostnaðar fyrir rekstraraðila og vettvangseftirlit hefur að mestu fallið niður. Þetta má t.d. sjá ef skoðaður er árangur af yfirfærslu efnavörueftirlits til Umhverfisstofnunar og kostnað við eftirlit með smáeldi þegar það fór yfir til Matvælastofnunar.

Eins og fram kemur í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum fer verkefnum heilbrigðisnefnda fjölgandi og stjórnvöld óska sífellt meira eftir aðkomu heilbrigðiseftirlits að ýmsum málaflokkum. Sem dæmi um það má nefna t.d. áform heilbrigðisráðuneytis um að flytja eftirlit með tóbaks- og nikótín vörum undir heilbrigðiseftirlit, en það

heyrir nú að hluta undir eftirlit Mannvirkjastofnunar. Það frumvarp á að leggja fram samhliða þessum áformum um að leggja niður heilbrigðiseftirlitsvæðin.

Hlutverk heilbrigðiseftirlits í vöktun umhverfis s.s. rekstur og umsjón loftgæðastöðva, eftirlit með yfirborðsvatni og vatnsverndarsvæðum færist sífellt í aukanna og er þekking á nær samfélaginu mikilvægur þáttur í að það eftirlit sé til samræmis við kröfur um heilnæmt umhverfi fyrir íbúa og samfélagið allt.

10. Dagskrárliður: Beiting þvingunarúrræða samkvæmt reglugerð nr.903/2024 um hollustuhætti
Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar á fyrirhuguðum þvingunarúrræði á eftirtalin fyrirtæki sem ekki hafa sinnt tilmælum heilbrigðiseftirlits um skráningu eða umsókn um starfsleyfi. Jafnframt er óskað staðfestingar á fyrirhuguðum þvingunarúrræðum gagnvart þeim fyrirtækjum sem ekki hafa uppfyllt ákvæði laga um að húsnæði uppfylli skilyrði byggingarfulltrúa er varðar ákvæði er fram koma í 17. gr. reglugerðar nr.903/2024 um hollustuhætti og að starfsemin sé í samræmi við samþykktar teikningar og ákvæði byggingarreglugerðar. Fyrirhugað er að tilkynna eftirtöldum fyrirtækjum að starfsemi þeirra verði stöðvuð, ef ekki verði brugðist við kröfu um skráningu eða þau sinni ekki kröfu um að sækja um starfsleyfi.

Fyrirtæki án skráningar eða starfsleyfis;
Hreint ehf., Vesturvör 11, Kópavogi.

Fyrirtæki sem ekki hafa uppfyllt kröfu um að rekstur sé í samræmi við kröfur byggingarfulltrúa,
Aðalpartasalan ehf. , Drangahrauni 10 í Hafnarfirði.
GJ bílamálun ehf., Lyngás 20, Garðabæ.

Þá óskar heilbrigðiseftirlit eftir heimild heilbrigðisnefndar til að beita eigendum eftirtalinna lóða þvingunarúrræðum vegna óásættanlegs drasl á lóðum og að ekki er brugðist við tilmælum heilbrigðiseftirlits um úrbætur.

Klukkanholt 7, Garðabæ - lóðahreinsun.

Tjaldanes, (F208-4343) Mosfellsbæ - frágangur rotþróar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir heimild heilbrigðiseftirlits til ofangreindra þvingunarúrræða gagnvart þeim fyrirtækjum og lóðareigendum sem talin eru upp hér að ofan.

11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 24. september 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 24. september sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

12. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 17. september 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 17. september sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

13. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 10. september 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 10. september sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

14. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 3. september 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 3. september sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

15. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 27. ágúst 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 27. ágúst sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar

Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þorisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður



Hannes Fryggvi Hafstein aðalmaður



Örvar Jóhannsson aðalmaður

73. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 27.08.2025

1. Skólagerði Kópavogi - grunnskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Gerðar Magnúsdóttur f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags. 06.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Barnaskóla Kársnes við Skólagerði, Kópavogi Fastanr. F2065034. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 6.8.2025 og 22.8.2025. Öryggisúttektarvottorð, byggingarfulltrúa dagsett 25.8.2025. Starfsleyfi var gefið út 25.8, dagsett frá 26.8.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sigmundar Páls Freysteinsonar f.h. Testund ehf., kt. 450525-1540 dags. 02.06.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla að Nýbýlavegi 8 Kópavogi

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2025.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt 28.06.2032.

3. Erluás 35 Garðabæ - vöruhús - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Kristínar Helgadóttur f.h. KFC ehf., kt. 540198-3149 dags. 31.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla./vöruhús. Fasteignanr. F2254146. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2025.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfið samþykkt.

4. Ísfugl, dreifing matvæla á bæjarhátíðinni í túninu heima

Lögð fram umsókn Ísfugls ehf. kt. 671087-1439 dags. 21. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir tímbundnu starfsleyfi til framleiðslu og dreifingar á matvælum frá veitingatjaldi í Mosfellsbæ á bæjarhátíðinni "Í túninu heima"

Með vísun til matvælaeðlugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt til 30. ágúst 2025.

5. Thorsplan, Samtök grækera - Vegan Festival

Lögð fram umsókn Samtaka grækera kt. 600613-0300 dags. 21.08.2025 þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir Vegan festival sem verður 31. ágúst n.k. milli kl. 13-16.

Farið hefur verið yfir starfsleyfi þeirra aðila sem kynna og selja afurðir sínar á hátíðinni.

Með vísun til matvælaeðlugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt til 30. ágúst 2025.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

74. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 3. september 2025

1. Hafnarbraut 9a, Kópavogi - snyrtistofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Svövu Kristínar Þórisdóttur f.h. Sæberg 5 ehf. (SKINN snyrtistofa) kt. 550621-0450 dags. 01.09.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hafnarbraut 9a, Kópavogi. Fasteignanúmer F2363689. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 02.09.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Skólabraut 3, Hafnarfirði - skólahúsnæði - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Bryndísar Steinu Friðgeirsdóttur f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar kt. 590169-7579 dags. 24.08.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Menntasetrið við Lækinn að Skólabraut 3, Hafnarfirði. Fasteignanúmer F2078794. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 3.9.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Strikið 3 Garðabæ - hárgreiðslustofa - skráning

Lögð fram umsókn Ingu Jóhannsdóttur f.h. Hársnyrtistofan Ísafold kt. 150863-3339 dags. 17.08.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir hárgreiðslustofu að Strikinu 3, Garðabæ. Fasteignanúmer F2324081. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 2.9.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

4. Garðatorg 3, Garðabæ - Bætiefni, matvælasnertiefni -

Lögð fram umsókn Söru Lindar Gunnarsdóttur f.h. Vistveru ehf. kt. 510423-1000 dags. 11.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verslun með matvöru og sölu á matvælasnertiefnum að Garðatorgi 3, Garðabæ. Fasteignanr. F2070121. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.09.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

5. Reykjavíkurvegur 58 Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Magnúsar Gunnarssonar f.h. Joe ísland ehf., kt. 520613-1450 dags. 22.07.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Reykjavíkurvegi 58 Hafnarfirði. Fastanr. F2078638. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 11.09.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Dalbrekka 30 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Töru Jensdóttur f.h. Mamma veit best ehf., kt. 501100-0700, dags. 22.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Dalbrekku 30 Kópavogi. Fasteignanr. F2315104, F2315103, F2063776. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.09.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Vesturyör 12, Kópavogi - framleiðsla matvæla, Myllan-Ora ehf.

Lögð fram umsókn Hjálmars Arnar Erlingssonar f.h. Myllunnar -ORA ehf. kt.660169-1729 dags. 06.03.2025, þar sem hann sækir um endurnýjun og breytingu á starfsleyfi fyrirtækisins. Fasteignanr. F2065893. Eftirlitsskýrsla dags.01.09.2025.

Með vísan til ákvæða matvælalaga er starfsleyfið samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

75. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 10.09.2025

1. Vetrarbraut 30, Garðabær - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.09.2025, f.h. Ungmennafélagið Stjarnan, kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga að Vetrarbraut 30, Garðabæ. Um er að ræða lokahóf norðurlandamóts. Áætlaður gestafjöldi: 170.
Jákvæð umsögn staðfest.

2. Hagasmári 1, Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Áslaugar Jónsdóttur f.h. Líf og list ehf. kt. 670901-3510 dags 27.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2227650. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 10.09.2025.
Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3. Stakkahraun 1 Hafnarfirði - bónstöð - skráning

Lögð fram umsókn Reynis Tan Tran f.h. Rensi ehf., kt. 620623-1130 dags. 19.08.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bónstöð að Stakkahrauni 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079275. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 10.09.2025.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Urriðaholtsstræti 2, Garðabæ - Hárgreiðslustofa - skráning

Lögð fram umsókn Inga Guðna Garðarssonar f.h. Saxa SI ehf., kt. 640725-0440 dags. 31.07.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir hárgreiðslustofu að Urriðaholtsstræti 2, Garðabæ. Fasteignanúmer F2503852. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 2.9.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 12.08.2025. Jávkætt svar byggingarfulltrúa dags. 04.09.2025.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

76. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning 17.09.2025

1. Núpalind 1, Kópavogur - veitingaverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Gísla Garðarssonar f.h. Kleinuhringir ehf., kt. 420523-2700 dags. 14.09.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun að Núpalind 1, Kópavogi. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.9.2025

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Laxatunga 185, Mosfellsbæ - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.09.2025, f.h. Andlit ehf., kt. 590617-1480 þar sem sótt er um gistileyfi að Laxatungu 185, Mosfellsbæ. Um er að ræða gististað í flokki II - G íbúðir. Áætlaður gestafjöldi: 6. Fasteignanúmer F2331219.

Neikvæð umsögn staðfest, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfisumsókn.

3. Nónhamar 8F, Hafnarfirði - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.09.2025, f.h. Reykjanes Tours ehf., kt. 490806-0400 þar sem sótt er um gistileyfi að Nónhamri 8F, Hafnarfirði. Um er að ræða gististað í flokki II - G íbúðir. Áætlaður gestafjöldi: 5. Fasteignanúmer F2515455.

Neikvæð umsögn staðfest þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfisumsókn.

4. Valhúsabraut 35, Seltjarnarnesi - gististaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ólafs Egilssonar f.h. Gróttu Northern Lights/Nordico ehf. kt. 050181-3679 dags. 28.08.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað í flokki II að Valhúsabraut 35, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2068271. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 1.9.2025 Samþykki byggingarfulltrúa barst með umsókn.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

5. Hringhella 2 Hafnarfirði - steypustöð - skráning

L11636 Steypustöðin ehf - L11636

Lögð fram umsókn Kai Westphal f.h. Steypustöðin ehf., kt. 660707-0420 dags. 15.05.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir steypustöð að Hringhelli 2 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2223575.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.07.2025.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

6. Borgarhella 19N Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ingibjargar Björnsdóttur f.h. Taza ehf., kt. 711023-0460 dags. 08.08.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir innflutning og dreifingu á matvælum að Borgarhelli 19N Hafnarfirði. Fasteignanr. F213099. Dreifing frá Borgarhelli 19N Ný starfsemi.

Bréf sent á byggingarfulltrúa 09.09.2025. Jákvætt svar 15.09.2025. Eftirlitsskýrsla dags. 17.09.2025

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

77. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 24.9.2025

1. Strandgata 90, Hafnarfirði - tækisfærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.09.2025, f.h. Ægir 220 ehf. kt. 670723-0890 þar sem sótt er um tækisfærisleyfi til áfengisveitinga að Ægir 220 að Strandgötu 90, Hafnarfirði þann 01.10.2025. Áætlaður gestafjöldi: 200. Starfsmannagleði Pizza Pizza ehf.
Jákvæð umsögn.

2. Vetrarbraut 30, Garðabær - tækisfærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.09.2025, f.h. Knattspyrnufélags Garðabæjar-KFG, kt. 710309-1870 þar sem sótt er um tækisfærisleyfi til áfengisveitinga að íþróttahúsinu Miðgarði að Vetrarbraut 30, Garðabæ þann 27.09.2025. Áætlaður gestafjöldi: 40. Um er að ræða lokahóf knattspyrnudeildar.

jákvæð umsögn.

3. Hamraborg 11, Kópavogur - veitingastaður - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Ingólfs Ingvarssonar f.h. Cafe Catalína, kt. 420913-0520 dags. 18.09.2025 þar sem sótt er um tóbaksleyfi Hamraborg 11, Kópavogi. Nýtt leyfi. Eftirlitsskýrsla dags.24.09.2025.
Tóbaksleyfi veitt til 4 ára.

4. Eiðistorg 11, Seltjarnarnes - verslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Ísaks Pálmasonar f.h. Hagkaups, kt. 430698-3549 dags. 16.09.2025 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir verslun Hagkaups að Eiðistorgi, Seltjarnarnesi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags.16.09.2025.
Tóbaksleyfi veitt til 4 ára.

5. Hagasmári 1, Kópavogi - verslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Ísaks Pálmasonar f.h. Hagkaups, kt. 430698-3549 dags. 16.09.2025 þar sem sótt er um tóbaksleyfi í verslun Hagkaups í Smáralind að Hagasmára 1, Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags.16.09.2025.
Tóbaksleyfi veitt til 4 ára.

6. Breiðumýri, Garðabæ - tækisfærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.09.2025, f.h. Ungmennafélagsins Álftanesi, kt. 630190-1939 þar sem sótt er um tækisfærisleyfi til áfengisveitinga að íþróttahúsinu Breiðumýri, Garðabæ þann 18.10.2025. Áætlaður gestafjöldi: 120. Um er að ræða herrakvöld körfuknattleiksdeildar Álftanes.
Jákvæð umsögn.

7. Háholt 14 Mosfellsbær - dreifing matvæla - Slikkerí ehf.

Lögð fram umsókn Sigurbjargar Kristmundsdóttur f.h. Slikkerí ehf., dags. 13.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Háholti 14 Mosfellsbæ. Fastanr. F2268871,F2268872. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags.24.09.2025.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.06.2025.Jákvætt svar byggingarfulltrúa 05.09.2025
Með vísun til ákvæða matvælaegluga er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.